

## **Fundur stjórnar SvAust haldinn miðvikudaginn 9. okt kl. 9.00 á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar.**

Mættir voru Einar Már Sigurðarson (Fjarðabyggð), Björn Ingimarsson (Fljótshálsa) og Jóney Jónsdóttir (SSA) sem ritaði fundargerð. Verkefnastjóri Sv-Aust, Jódís Skúladóttir, sat einnig fundinn.

Formaður setti fundinn.

1. Jódís verkefnastjóri Sv-Aust fór yfir samantekt um rekstur Sv-Aust 2016-2018 og áætlun 2019 frá framkvæmdastjóra Austurbrúar. Verkefnastjóra var falið að leita upplýsinga um fyrirkomulag og samninga hjá fyrrverandi starfsmönnum.
2. Verkefnastjóri sagði frá ýmsu sem betur má fara í rekstrinum og samningum við akstursaðila.
3. Rætt var um Currón kerfið. Verkefnastjóri telur það virka vel en að vandamálið sé að allir akstursaðilar þurfi að nota það rétt og að setja þurfi það inn í samninga við þá. Þjónusta Currón hefur verið góð. Ákveða þarf hvort Sv-Aust gangi til áframhaldandi samninga um kerfið fyrir áramót.
4. Verkefnastjóri mun senda bréf til akstursaðila vegna óvissu um samninga við Vegagerðina. Ganga þarf sem fyrst frá samningum við þá aðila sem aka börnum fyrir sveitarfélögin, það er í skólaakstri og frístundaakstri.
5. Koma þarf skikki á farþegatölur hjá akstursaðilum svo innheimta gangi eðlilega fyrir sig. Mikilvægt er að það sé í lagi.
6. Verkefnastjóri og framkvæmdastjóri Austurbrúar áttu fund með fulltrúum Fjarðabyggðar um umsýslu verkefna sem Sv-Aust þjónustar Fjarðabyggð með. Þar var farið yfir fyrirkomulag og greiðslur vegna þess.
7. Verkefnastjóri og Jóney sögðu frá fundi með Vegagerð og Samgönguráðuneyti þar sem fjallað var um samninga um almenningssamgöngur en þeim hefur verið sagt upp frá og með áramótum. SSA hefur fengið boð um fund með Vegagerðinni vegna uppsagnar samningsins.  
Samantekt KPMG ásamt drögum að skýrslu Mannvits um almenningssamgöngur voru lögð fram til kynningar.
8. Önnur mál:
  - a. Verkefnastjóri lagði áherslu á að 50% starf dugar ekki til að sinna umsýslu Sv-Aust.
  - b. Sv-Aust hefur notað Textavarpið sem bílstjórar geta fært inn á upplýsingar ef ferð fellur niður. Nú er það úrelt og leita þarf annarra leiða. Verkefnastjóra var falið að kanna fb eða aðra færa leið.
  - c. Næsti fundur verður í bæjarskrifstofum Fljótshálsa 23. október kl. 9:30.

Fundi slitið kl. 11:00.

Einar Már Sigurðarson

---

Björn Ingimarsson

---

Jóney Jónsdóttir

---